

Arctica sjóðir hf.
Ársreikningur 2024

Arctica sjóðir hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
kt. 660121-1370

Efnisyfirlit

Ársreikningur 31. desember 2024	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
A-hluti	
Arctica sjóðir hf.	
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	11
B-hluti	
Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta	
Íslandsbréf hs.	16
Íslandsbréf sundurliðanir	17
Íslandsbréf skýringar	21
Vaxtabréf hs.	24
Vaxtabréf sundurliðanir	27
Vaxtabréf skýringar	31

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Arctica sjóða hf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og reglur nr. 124/2020, um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Starfsemi félagsins

Arctica sjóðir hf. voru stofnaðir í janúar 2021 og starfar skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint.

Arctica sjóðir hf. eru með starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Arctica sjóðir hf. hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance hf. um að sinna regluvörslu, auk annarra umsýsluverkefna. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi Arctica sjóða hf. og sjóða í rekstri félagsins eins og lög gera ráð fyrir.

Á árinu 2024 voru tveir sérhæfðir sjóðir fyrir fagfjárfesta og tveir sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta í rekstri hjá félaginu og nam samanlögð eign þeirra um 18.990 millj. kr. í árslok. Báðir síðarnefndu sjóðirnir voru stofnaðir 2024, annar í janúar, Vaxtabréf hs., og hinn 30. desember, Íslandsbréf hs. Báðir þessir sjóðir eru sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og eru hlutdeildarsjóðir sem starfræktir eru í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, einkum IX. og X. kafla þeirra laga.

Tekjur félagsins eru nær eingöngu þóknatekjur, sem reiknast af hreinni eign sjóða og ávöxtun umfram viðmið. Hlutfall milli tekna þessara er misjafnt á milli ára. Félagið hefur óverulegar tekjur af fjármunum eða verðbréfaeign.

Starfsmenn Arctica sjóða hf. á árinu 2024 voru að meðaltali 3 miðað við heilsársstörf. Í árslok 2024 voru fjórir starfsmenn í rúmlega þremur stöðugildum hjá Arctica sjóðum hf. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda til starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnar nam 48,0 millj. kr. (2023: 35 millj.kr.).

Afkoma og eigið fé

Rekstur Arctica sjóða hf. á árinu 2024 var í samræmi við áætlanir þess. Rekstrartekjur félagsins námu 40,6 millj. kr. á árinu (2023, 24,1 millj. kr.). Tap félagsins á árinu nam 30,8 millj. kr. (2023 var tap að upphæð 26,3 millj. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2024 var 40,8 millj. kr. (2023, 31,6 millj. kr.). Eiginfjárlutfall félagsins var í árslok 16,3% (2023, 18%). Samkvæmt 99. gr. laga nr. 2/1995 er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2025.

Á árinu 2024 var hlutafé félagsins aukið um 40 millj.kr. að nafnverði og var 99 millj. kr. í árslok.

Frá áramótum til undirritunardags hafa ekki orðið markverðir atburðir sem hafa bein áhrif á félagið eða mótaðila þess, að öðru leyti en getið er um í skýrslu þessari.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutafé félagsins var 99,0 millj. kr. í árslok. Hlutafé félagsins er í eigu Arctica Eignarhaldsfélags ehf., sem á alla hluti utan eins sem er í eigu Vita fjárfestingafélags ehf.

Áhættuþættir og áhættustýring

Markmið áhættustýringar er að finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmörkunar áhættu annars vegar og hámmörkunar tekna hins vegar, sem og til að tryggja sem best samfellda og reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavinum. Sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á eigið fé, t.d. útlána-, mótaðila- og samþjöppunarhætta, markaðsáhætta, fastvaxtaáhætta og rekstraráhætta, og sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á laust fé og fjármögnun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með reglulegum hætti og þar á meðal er áhersla lögð á greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum og aðgerðum til lágmarka neikvæðar afleiðingar þeirra. Með þessari vinnu er markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð félagsins og tryggja traustan og eðlilegan rekstur.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Stjórn og framkvæmdastjóri Arctica sjóða hf. bera ábyrgð á því að skyldur félagsins um áhættustýringu samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum séu uppfylltar og ber að meta reglulega og endurskoða skilvirkni fyrirkomulags og verklags málefna þeirra er falla undir eftirlit og starfsemi áhættustýringar og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum. Sjóðstjórar bera síðan hver um sig ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanni áhættustýringar (áhættustjóra) á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa.

Stjórnarhættir

Stjórn Arctica sjóða hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum, en félaginu er þó ekki skylt samkvæmt lögum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið leitast þó við að hafa í heiðri þær kröfur sem Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Arctica sjóðum ber ekki skylda til að birta ófjárhagslegar upplýsingar sem vísað er til í 66. gr. d laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og hefur enn sem komið er ekki gefið út sjálfbærniskýrslu.

Starfsemi Arctica sjóða hf. felst í rekstri sérhæfðra sjóða og í árslok voru fjórir sjóðir í rekstri. Félagið hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance og einnig samning við T Plús hf. um útvistun m.a. á bókhaldi sjóða, uppgjöri viðskipta, gengisútreikningi og vörslu verðbréfa. Arctica sjóðir hefur eftirlit með því að þeir aðilar sem sinna útvistuðum verkum, sinni þeim skyldum sínum af kostgæfni. Félagið hefur sett sér ýmsar reglur, s.s. reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, stefnu og reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og aðra þætti líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá umfjöllun um reglur og upplýsingar um starfsemi Arctica sjóða á heimasíðu félagsins, www.arcticasjodir.is.

Stjórnun og yfirráð yfir Arctica sjóða hf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirráð félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutafélög, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lög um markaði fyrir fjármálagerninga, og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Í stjórn félagsins eru tveir karlar og ein kona.

Ytra umhverfi og framtíðarhorfur

Hagstofan hefur birt tölur sem sýna að hagvöxtur árið 2024 var 0,6% samkvæmt bráðabirgðamati, sem er hærra en spá Seðlabanka Íslands, sem gerði ráð fyrir samdrætti upp á 0,4%. Uppfærðar tölur fyrir fyrri ár benda einnig til þess að krafturinn í hagkerfinu hafi verið vanmetinn og viðsnúningurinn á fjórða ársfjórðungi var meiri en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir lækkun verðbólgu og lækkandi stýrivexti, hefur þróunin á skuldabréfamarkaði verið með öfugum formerkjum og ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkað. Segja má að enn sé svigrúm til þess að vextir verði lækkaðir samhliða lækkandi verðbólgu, en peningastefnunefnd Seðlabankans hefur tekið varfærna afstöðu til vaxtalækkana. Í Peningamálum í mars sl. lækkaði Seðlabankinn hagvaxtarspá sína fyrir 2024 úr 0% í -0,4% og fyrir 2025 úr 1,9% í 1,6%.

OMX Iceland 15 hlutabréfavísitala Nasdaq hækkaði lítillega í janúar 2024, en svo tók við lækkun fram yfir mitt ár. Vísitalan tók síðan að hækka í september og hækkaði um 21,5% frá september til desember, en árshækkunin var 18,8%. Ýmislegt varð til þess að markaðurinn tók við sér samhliða aukinni bjartsýni um vaxtalækkunarferlið. Uppgjör fyrirtækja hafa heilt yfir verið ágæt og væntingar um innflæði peninga inn á markaðinn. Það var þó misjöfn þróunin á verði hlutabréfa í Kauphöllinni. Þróunin á hlutabréfamarkaðnum það sem af er ári hefur verið sveiflukennd. Meðal annars er útlit fyrir að endurkaup og arðgreiðslur í ár muni vera með svipuðum hætti og í fyrra og fleiri félög eru að bætast í hóp þeirra sem kaupa eigin bréf, sem ætti að styrkja kauphlið markaðarins.

Innlán heimila hafa aukist verulega og má reikna með því að fjármagn muni leita meira inn á hlutabréfamarkaðinn eftir því sem vextir lækka. Aðrir þættir hafa þó líka áhrif áhrif á markaðinn. Efnahagsleg óvissa erlendis hefur einnig áhrif á markaðinn, sérstaklega vegna óvissu um vaxtastefnu og viðskiptastefnu Bandaríkjanna. Það er þó fremur óljóst hvernig þetta mun hafa áhrif á íslenska efnahagskerfið, en enn um sinn er þetta aukin óvissa og með neikvæðum áhrifum.

Starfsemi Arctica sjóða hf. á árinu 2024 gekk heilt yfir ágætlega og margvísleg tækifæri til staðar fyrir félagið í því árferði og umhverfi sem nú er.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Arctica sjóða hf. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög og reglur, þ.m.t. lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu þann 31. desember 2024, rekstrarafkomu félagsins og breytingum á eigin fé á árinu 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningur félagsins og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Arctica sjóða hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2025

Framkvæmdastjóri:

Friðrik Magnússon

Stjórn:

Bjarni Þórður Bjarnason

Hannes J. Hafstein

Helga Gregor Gunnarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Arctica sjóðum hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Arctia sjóða hf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta sem er fyrir rekstraraðilann og B-hluta sem er fyrir sérhæfðan sjóða rekstraraðilans. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar við endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 28. apríl 2025

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Arctica sjóðir hf.
Ársreikningur 2024

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Umsýslupóknun	4	40.627.474	24.122.673
		<u>40.627.595</u>	<u>24.122.673</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		646.609	100.957
Vaxtagjöld	(	1.640)	(8.193)
Gengismunur	(	153)	(3.762)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		91.463	528.858
Gangvirðisbreyting eignarhluta	(	33.418)	(1.141.976)
		<u>702.861</u>	<u>(524.116)</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		47.965.226	34.981.658
Rekstrarkostnaður		<u>32.018.518</u>	<u>21.318.103</u>
		<u>79.983.744</u>	<u>56.299.761</u>
(Tap) / hagnaður fyrir tekjuskatt	(	38.653.288)	(32.701.204)
Tekjuskattur	3	<u>7.803.775</u>	<u>6.428.103</u>
(Tap) / hagnaður tímabilsins	(	<u>30.849.513)</u>	<u>(26.273.101)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	11.559.583	11.593.001
Reiknuð skatteign	3	14.229.059	6.425.284
Fastafjármunir		25.788.642	18.018.285
Viðskiptakröfur		0	78.659
Kröfur vegna Umsýslubóknana	12	12.701.482	9.767.799
Aðrar skammtímakröfur		2.003.801	1.522.122
Verðbréf		0	3.444.684
Handbært fé	3d	6.948.344	2.597.284
Veltufjármunir		21.653.627	17.410.548
Eignir samtals		47.442.269	35.428.833
Eigið fé			
Hlutfé		99.000.000	59.000.000
Bundið eigið fé		244.297	561.412
Ójafnað eigið fé		(58.484.354)	(27.951.956)
Eigið fé	10	40.759.943	31.609.456
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		4.704.467	2.227.521
Skuldir við tengda aðila		89.619	0
Aðrar skammtímaskuldir		1.888.240	1.591.856
Skuldir		6.682.326	3.819.377
Skuldir samtals		6.682.326	3.819.377
Eigið fé og skuldir samtals		47.442.269	35.428.833

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) / hagnaður tímabilsins	(	30.849.513)	(26.273.101)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfa	(	91.463)	(528.858)
Gangvirðisbreyting eignarhluta		33.418	1.141.976
Tekjuskattur	(	7.803.775)	(6.428.103)
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	(	38.711.333)	(32.088.086)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtíma kröfur, hækkun	(	403.020)	(1.199.090)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.773.330	2.718.629
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		2.370.310	1.519.539
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(	36.341.023)	(30.568.547)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		0	(3.999.999)
Kaup í Lausafjár sjóði	(	9.500.000)	(35.000.000)
Sala í Lausafjár sjóði		13.036.147	32.084.174
Kröfur á tengd félög, breyting	(	2.933.683)	665.733
Fjárfestingahreyfingar		602.464	(6.250.092)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	10	40.000.000	42.000.000
Skuldir við tengda aðila, breyting		89.619	(8.811.432)
Fjármögnunarhreyfingar		40.089.619	33.188.568
(Lækkun) hækkun á handbærnu fé		4.351.060	(3.630.071)
Handbært fé í ársbyrjun		2.597.284	6.227.355
Handbært fé í lok tímabilsins		6.948.344	2.597.284

Skýringar

1. Félagið

Arctica sjóðir hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint. Nafn félagsins var áður A/F Rekstraraðili hf. og breyttist í janúar 2025.

Félagið er dótturfélag Arctica Eignarhaldsfélags ehf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á gangvirði í árslok 2024. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

b. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í félögum sem fjárfesta í félögum og skuldabréfum eru færð á gangverði, þ.e. síðasta skráða eða reiknaða gengi ársins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Óinnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár. Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

c. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði. Kröfur eru að mestu leyti tilkomnar vegna krafna á sjóði vegna áfallinna ógreiddra umsýsluþóknana og árangurstengdra þóknana í árslok 2024.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

e. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 21%.

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

Skýringar, frh.:

4. Umsýslubóknanir og árangurstengdar bóknanir

Félagið fær umsýslubóknanir fyrir rekstur sérhæfðra sjóða. Bóknanir reiknast ýmist sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna eða sem hlutfall af afkomu umfram ákveðin viðmið.

5. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila félagsins teljast vera móðurfélag, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir framangreindra aðila og lögaðilar undir yfirráðum þeirra, og hliðstæðir aðilar framangreindra aðila í sjóðum í rekstri félagsins.

6. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 18.990 millj. króna þann 31. desember 2024. Þessar eignir eru í eigu sjóða í umsýslu félagsins í samræmi við reglur þeirra og fjárfestingastefnu.

7. Starfsemi

Arctica sjóðir hf. hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance hf. um að sinna ýmsum verkefnum og um leigu skrifstofurýmis. Í árslok 2024 störfuðu fjórir starfsmenn hjá Arctica sjóðum hf., í rúmum þremur stöðugildum.

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
	Bókfært verð	Bókfært verð
A/F Stilla slhf.	4.244.296	3.831.468
A/F HEIM slhf.	3.999.999	3.999.999
A/F Fjármögnun slhf.	2.983.485	2.916.087
Önnur félög	331.803	845.447
	<u>11.559.583</u>	<u>11.593.001</u>

9. Reiknuð skatteign / tekjuskattsskuldbinding

Reiknuð skatteign / tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	6.425.284	(2.819)
Tekjuskattur ársins	7.803.775	6.428.103
Reiknuð skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	<u>14.229.059</u>	<u>6.425.284</u>

Reiknuð skatteign / tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig:

Frestaður gengismunur	271	1.059
Yfirfæranlegt skattaleg tap	14.228.788	6.424.225
Reiknuð skatteign (tekjuskattsskuldbinding) í árslok	<u>14.229.059</u>	<u>6.425.284</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 99,0 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	17.000.000	126.343	(1.243.786)	15.882.557
Innborgað hlutfé	42.000.000			42.000.000
Binding v. eignarhluta	0	435.069	(435.069)	0
Tap ársins	0	0	(26.273.101)	(26.273.101)
Eigið fé 1.1.2024	59.000.000	561.412	(27.951.956)	31.609.456
Innborgað hlutfé	40.000.000	0	0	40.000.000
Binding v. eignarhluta	0	(561.412)	561.412	0
Tap ársins	0	0	(30.849.513)	(30.849.513)
Eigið fé 31.12.2024	99.000.000	0	(58.240.057)	40.759.943

11. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall Arctica sjóða hf. sem reiknað er samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, er 13,4% en lögboðið lágmark er 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:		
Heildar eigið fé	40.759.943	31.609.456
Eiginfjárgrunnur samtals	40.759.943	31.609.456
Eiginfjárfra greinist þannig:		
Rekstraráhætta	19.995.936	14.074.940
Eiginfjárfra	19.995.936	14.074.940
Eiginfjárlutfall	16,3%	18,0%

12. Viðskipti við tengda aðila

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

31.12.2024	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag	0	0	0	(89.619)
Sjóðir í rekstri	40.627.474	0	12.701.482	0
	40.627.474	0	12.701.482	(89.619)
31.12.2023	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag	0	0	0	0
Sjóðir í rekstri	24.122.673	0	9.767.799	0
	24.122.673	0	9.767.799	0

13. Skuldbindingar

Félagið hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance, sem tekur m.a. til leigu húsnæðis o.fl. Skuldbindingar vegna samningsins eru ekki færðar í efnahagsreikning í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6 en árleg samningsbundin greiðsla er 5,0 m.kr. Samningurinn er ótímabundinn en uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

Skýringar, frh.:

14. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 70,6 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Tap ársins 2023 nýtanlegt til ársins 2033	32.121.126	32.121.126
Tap ársins 2024 nýtanlegt til ársins 2034	38.524.248	-
	<u>70.645.374</u>	<u>32.121.126</u>

Íslandsbréf hs.

Ársreikningur 2024

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2024

	Skýr.	Íslandsbréf 2024
Rekstrarreikningur		
Tekjur	10	
Vextir		0
Verðbætur		0
Heildartekjur.....		0
Gjöld	11	
Umsýsluþóknun rekstrarfélags		0
Aðrar þóknanir		0
Önnur gjöld og kostnaður		0
Heildargjöld.....		0
Innleystur gengismunur (tap) af fjárfestingum		0
Óinnleystur gengismunur (tap) af fjárfestingum		144
Heildar gengismunur.....		144
Hagnaður (tap) ársins af rekstri		144
Yfirlit um breytingu á hreinni eign		
Hrein eign í ársbyrjun		0
Fjármögnunarahreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini		64.999
Innleyst hlutdeildarskírteini		0
Hagnaður ársins af rekstri		144
Hrein eign í árslok	5	65.143

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	Íslandsbréf 31.12.2024
Eignir		
Fjárfestingar	1	
Framseljanleg verðbréf		32.625
Fjárfestingar samtals		32.625
Aðrar eignir		
Aðrar eignir		32.518
Aðrar eignir samtals		32.518
Eignir samtals		65.143
Hrein eign		65.143
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina	5	649,990
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok		100,0000

Sundurliðanir

Íslandsbréf hs.

1. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgæringar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	31.12.2024		31.12.2023	
	Markaðs- verð	Hrein eign %	Markaðs- verð	Hrein eign %
Hlutabréf				
Arion banki hf.	10.020	15,4%	0	0,0%
Kvika banki hf.	5.535	8,5%	0	0,0%
Íslandsbanki hf.	4.960	7,6%	0	0,0%
Festi hf.	3.976	6,1%	0	0,0%
Hagar hf.	3.710	5,7%	0	0,0%
Icelandair Group hf.	2.044	3,1%	0	0,0%
Oculis Holding AG ISK	1.452	2,2%	0	0,0%
Alvotech hf.	928	1,4%	0	0,0%
Hlutabréf samtals	32.625	50,1%	0	0,0%
Framseljanleg verðbréf samtals	32.625	50,1%	0	0,0%
Innlán	0	0,0%	0	0,0%
Aðrar eignir og skuldir (skýring 12)	32.518	49,9%	0	0,0%
Hrein eign	65.143	100,0%	0	0,0%

2. Breyting á stærstu eignum á milli ára og hlutfall af hreinni eign

	Hrein eign	Hlutf. af fjárhæð	Hrein eign	Hlutf. af fjárhæð	Breyting	Af hreinni eign
	31.12.2024	%	31.12.2023	%		%
Arion banki hf.	10.020	15,4%	0			
Kvika banki hf.	5.535	8,5%	0			
Íslandsbanki hf.	4.960	7,6%	0			
Festi hf.	3.976	6,1%	0			
Hagar hf.	3.710	5,7%	0			
Icelandair Group hf.	2.044	3,1%	0			
Oculis Holding AG ISK	1.452	2,2%	0			
Alvotech hf.	928	1,4%	0			
		0,0%	0			
Níu stærstu samtals	32.625	50,1%	0			
Aðrar fjárfestingar	0	0,0%	0			
Innlán	0	0,0%	0			
Aðrar eignir og skuldir (skýring 12)	32.518	49,9%	0			
	65.143	100,0%	0			

Sundurliðanir, frh.:

Íslandsbréf hs.

3. Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á árinu 2024

	Heildar- kaup	Heildar- sala
Arion banki hf.	10.007	0
Kvika banki hf.	5.519	0
Íslandsbanki hf.	4.970	0
Festi hf.	3.970	0
Hagar hf.	3.682	0
Icelandair Group hf.	1.971	0
Oculus Holding AG ISK	1.442	0
Alvotech hf.	920	0
	32.481	0

4. Ávöxtun

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Nafnávöxtun	-	-	-
Raunávöxtun	-	-	-

5. Hrein eign og gengi

Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina hefur próast sem hér segir:	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina.....	65.143	-
Gengi hlutdeildarskírteina.....	100,0000	-

6. Eignir í samanburði við fjárfestingastefnu

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign 31.12.2024	Eign 31.12.2023	Breyting	Fjárfestingarstefna Lágmark	Fjárfestingarstefna Hámark
Íslandsbréf					
Hlutabréf.....	50,1%			50%	100%
Peningamarkaðsgerningar og innlán *	49,9%				50%
Afleiðusamningar.....	0,0%				40%

* Hlutfall að teknu tilliti til óuppgerðra verðbréfavíðskipta í árslok.

Sundurliðanir, frh.:

Íslandsbréf hs.

7. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir tegundum eigna í hlutfalli af eigin fé:

	Hlutabréf	Innlán	Skuldabréf	Samtals
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar				
skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	50,1%	0,0%	0,0%	50,1%
Innlán.....		49,8%		49,8%
Afleiðusamningar utan skipulegra				0,0%
verðbréfamarkaða	0,0%		0,0%	0,0%
Samtals.....	50,1%	49,8%	0,0%	99,9%

* Aðrar skuldir eru vegna óuppgerðra verðbréfaviðskipta í árslok.

Skýringar

8. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur sérhæfðra sjóða Arctica sjóða hf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur nr. 124/2020 um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðirnir eru starfræktir af Arctica sjóðum (rekstraraðilanum) og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi rekstraraðilans vegna eðlis starfseminnar.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

9. Skattamál

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Reikningsskilaaðferðir

a. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

b. Fjárfestingar

Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í árslok 2024. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) vegna breytinga á matsverði af fjárfestingum er færður í rekstrarreikning.

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvisistölu sem tók gildi í byrjun júlí 2023. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

c. Innlán

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum samanstanda af inneignum á bankareikningum og öðrum innlánnum með samningsbundna vexti ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum í árslok 2024.

11. Umsýslupóknun og aðrar þóknanir

Sjóðurinn greiðir Arctica sjóðum hf. mánaðarlega umsýslupóknun fyrir eignastýringu og aðrar þóknanir fyrir bókhald, gengisútreikning, vörslu, enduskoðun og fleira sbr. reglur sjóðsins. Þóknanir reiknast sem árlegt fast hlutfall af hreinni eign og eru sem hér greinir.

	Umsýslu- þóknun	Aðrar þóknanir	Samtals
Íslandsbréf hs.....	1,50%	0,45%	1,95%

Skýringar, frh.:

11. Umsýslupóknun og aðrar þóknanir (frh.)

Að auki greiðir sjóðurinn 20% árangurstengda þóknun af ávöxtun sem er umfram ávöxtun OMX Iceland 15 Cap GI hlutabréfavisitölu Kauphallar Íslands, OMXI15CAPGI sem er reiknuð og birt af Nasdaq Iceland (Kauphöll Íslands).

12. Aðrar eignir og skuldir

Aðrar eignir og skuldir eru vegna úppgerðra verðbréfiðskipta/viðskipta með hlutdeildarskírteini í árslok 2024.

13. Skammtímalán

Samkvæmt 95. gr. laga nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði er sérhæfðum sjóðum heimilt að taka lán til skamms tíma. Slík lán mega ekki nema meira en 25% af eignum sjóðsins. Engin lán eru til staðar í sjóðnum.

14. Upplýsingar um starfsemi sjóðanna

Arctica sjóðir hf. rekur samtals fjóra sjóði. Tvo sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og tvo sérhæfða sjóði fyrir fagfjárfesta.

15. Laun

Upplýsingar um laun er að finna í skýringu í A-hluta ársreiknings Arctica sjóða hf.

Vaxtabréf hs.

Ársreikningur 2024

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2024

	Skýr.	Vaxtabréf 2024
Rekstrarreikningur		
Tekjur	10	
Vextir		79.366
Verðbætur		31.798
Heildartekjur.....		111.164
Gjöld	11	
Umsýslupóknun rekstrarfélags		16.850
Aðrar þóknanir		6.319
Önnur gjöld og kostnaður		2.692
Heildargjöld.....		25.862
Innleystur gengismunur (tap) af fjárfestingum		35.736
Önnleystur gengismunur (tap) af fjárfestingum		5.711
Heildar gengismunur.....		41.447
Hagnaður (tap) ársins af rekstri		126.749
Yfirlit um breytingu á hreinni eign		
Hrein eign í ársbyrjun		0
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini		2.598.686
Innleyst hlutdeildarskírteini	(	58.630)
Hagnaður ársins af rekstri		126.749
Hrein eign í árslok	5	2.666.805

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	Vaxtabréf 31.12.2024
Eignir		
Fjárfestingar	1	
Framseljanleg verðbréf		2.651.261
Fjárfestingar samtals		2.651.261
Aðrar eignir		
Innlán	10	36.083
Eignir samtals		2.687.344
Skuldir		
Skuld við rekstrarfélag		2.612
Aðrar skuldir	12	17.927
Skuldir samtals		20.539
Hrein eign		2.666.805
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina	5	24.593,211
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok		108,4415

Sundurliðanir

Vaxtabréf hs.

1. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	31.12.2024		31.12.2023	
	Markaðs- verð	Hrein eign %	Markaðs- verð	Hrein eign %
Skuldabréf				
Ríkistryggð skuldabréf				
Ríkisbréf RIKB 28 1115	460.957	17,2%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 27 0415	318.307	11,8%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 31 0124	156.170	5,8%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 26 1015	24.906	0,9%	0	0,0%
Ríkistryggð skuldabréf samtals	960.339	35,7%	0	0,0%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja				
Íslandsbanki hf. ISB CB 27	319.833	11,9%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB CBI 26	176.124	6,6%	0	0,0%
Arion banki hf. ARION CBI 28	142.970	5,3%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK T2i 35	112.219	4,2%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK T2i 33	89.637	3,3%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK T2 35	86.749	3,2%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CB 29	84.054	3,1%	0	0,0%
Arion banki hf. ARION 28 1215	83.689	3,1%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB CBI 28	66.840	2,5%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB T2i 34 0912	66.082	2,5%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CB 27	37.390	1,4%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB 28 1221	20.952	0,8%	0	0,0%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja samtals	1.286.540	47,9%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf				
Reykjavíkurborg RVK 35 1	152.984	5,7%	0	0,0%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. UR 25 0601	96.349	3,6%	0	0,0%
Lánasjóður sveitarfélaga LSS150434	46.787	1,7%	0	0,0%
Kaldalón hf. KALD 25 0602	38.541	1,4%	0	0,0%
Reykjavíkurborg RVK 32 1	30.938	1,2%	0	0,0%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. UR 260415	19.992	0,7%	0	0,0%
Brim hf. BRIM 221026 GB	18.791	0,7%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf samtals	404.382	15,0%	0	0,0%
Framseljanleg verðbréf samtals	2.651.261	98,7%	0	0,0%
Innlán	36.083	1,3%	0	0,0%
Hrein eign	2.687.344	100,0%	0	0,0%

Sundurliðanir, frh.:

Vaxtabréf hs.

2. Breyting á stærstu eignum á milli ára og hlutfall af hreinni eign

	Hrein eign 31.12.2024	Hlutf. af fjárhæð %	Hrein eign 31.12.2023	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Af hreinni eign %
Ríkisbréf RIKB 28 1115	460.957	17,2%	0			
Íslandsbanki hf. ISB CB 27	319.833	11,9%	0			
Ríkisbréf RIKB 27 0415	318.307	11,8%	0			
Íslandsbanki hf. ISB CBI 26	176.124	6,6%	0			
Ríkisbréf RIKB 31 0124	156.170	5,8%	0			
Reykjavíkurborg RVK 35 1	152.984	5,7%	0			
Arion banki hf. ARION CBI 28	142.970	5,3%	0			
Landsbankinn hf. LBANK T2i 35	112.219	4,2%	0			
Útg.fél. Reykjavíkur hf.UR 25 0601	96.349	3,6%	0			
Landsbankinn hf. LBANK T2i 33	89.637	3,3%	0			
Tíu stærstu samtals	2.025.549	75,4%	0			
Aðrar fjárfestingar	625.712	23,3%	0			
Innlán	36.083	1,3%	0			
	2.687.344	100,0%	0			

3. Uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildar kaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á árinu 2024

	Heildar- kaup	Heildar- sala
RIKB 28 1115	899.408	433.601
RIKB 35 0917	836.724	827.119
RIKB 31 0124	763.728	610.262
RIKB 27 0415	704.260	390.317
LBANK CB 29	659.085	566.713
RIKS 26 0216	500.738	507.084
LBANK CB 27	492.190	459.210
RIKB 26 1015	421.028	388.707
ARION CBI 26	412.741	415.231
ISB CB 27	400.468	55.614
ARION CB 27	390.483	393.543
RIKB 25 0612	385.462	377.438
RVKN 35 1	353.776	200.638
LBANK CBI 28	309.195	306.849
LBANK CBI 30	308.865	310.851
LBANK CBI 26	272.470	274.760
ARION CBI 28	260.308	121.171
LSS150434	252.374	205.617
RIKS 30 0701	246.985	247.162
RIKB 42 0217	246.672	248.612
ISB CBI 26	232.505	58.069
RVK 32 1	160.646	125.723
LBANK CB 25	152.332	154.717
ISB CBI 28	144.439	78.499

Sundurliðanir, frh.:

Vaxtabréf hs.

	Heildar- kaup	Heildar- sala
3. Uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur, frh.		
Innlán, Landsbankinn	115.000	115.337
LBANK T2i 35	108.741	0
UR 151124	99.491	0
UR 25 0601	95.588	0
LBANK T2i 33	88.179	0
ARION 28 1215	82.164	0
LBANK T2 35	80.000	0
RIKB 24 0415	65.898	66.335
ISB T2i 34 0912	65.590	0
ISB CBI 29	42.050	42.200
ARION CBI 30	40.367	40.447
ARION CB 24	40.227	40.442
RVK 44 1	39.615	40.140
KALD 25 0602	38.198	0
KALD 24 1202	38.022	0
KVIKA 34 1211 T2i	20.141	22.161
ISB 28 1221	20.068	0
UR 260415	20.000	0
RIKV 24 0821	19.676	19.859
BRIM 221026 GB	18.143	0
	<u>10.944.041</u>	<u>8.144.428</u>

4. Ávöxtun

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2024*
Nafnávöxtun	2,0%	3,7%	-	8,4%
Raunávöxtun	1,9%	2,5%	-	3,5%
* Frá stofnun sjóðsins 4. janúar 2024				

5. Hrein eign og gengi

Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina hefur þróast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	2.666.805	-
Gengi hlutdeildarskírteina	108,4415	-

Sundurliðanir, frh.:

Vaxtabréf hs.

6. Eignir í samanburði við fjárfestingastefnu

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign	Eign	Breyting	Fjárfestingarstefna	
	31.12.2024	31.12.2023		Lágmark	Hámark
Ríkistryggð skuldabréf.....	35,7%	0,0%		25%	100%
Sértryggð skuldabréf banka.....	30,8%	0,0%		0%	50%
Peningamarkaðsgerningar og innlán	1,3%	0,0%		0%	50%
<u>Önnur skuldabréf</u>	<u>32,1%</u>			<u>0%</u>	<u>50%</u>
Skuldabréf sveitarfélaga og opinberra stofnana.....	8,6%	0,0%		0%	30%
Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja.....	17,1%	0,0%		0%	30%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja.....	6,5%	0,0%		0%	20%

7. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir tegundum eigna:

	Hlutdeildar-			
	Skuldabréf	skírteini	Hlutabréf	Samtals
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar				
skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	98,7%	0%	0%	98,7%
Innlán.....	1,3%	0%	0%	1,3%
Samtals.....	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%

Skýringar

8. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur sérhæfðra sjóða Arctica sjóða hf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur nr. 124/2020 um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og áður.

Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðirnir eru starfræktir af Arctica sjóðum hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi rekstraraðilans vegna eðlis starfseminnar.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

9. Skattamál

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Reikningsskilaðferðir

a. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

b. Fjárfestingar

Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í árslok 2024. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) vegna breytinga á matsverði af fjárfestingum er færður í rekstrarreikning.

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvísitölu sem tók gildi í byrjun janúar 2024. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

c. Innlán

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum samanstanda af inneignum á bankareikningum og öðrum innlánnum með samningsbundna vexti ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum í árslok 2024.

11. Umsýsluþóknun og aðrar þóknanir

Sjóðurinn greiðir Arctica sjóðum hf. mánaðarlega umsýsluþóknun fyrir eignastýringu og aðrar þóknanir fyrir bókhald, gengisútreikning, vörslu, enduskoðun og fleira sbr. reglur sjóðsins. Þóknanir reiknast sem árlegt fast hlutfall af hreinni eign og eru sem hér greinir.

Skýringar, frh.:

11. Umsýsluþóknun og aðrar þóknanir (frh.)

	Umsýslu- þóknun	Aðrar þóknanir	Samtals
Vaxtabréf hs.....	0,75%	0,40%	1,15%

12. Aðrar eignir og skuldir

Aðrar eignir og skuldir eru vegna úppgerðra verðbréfiðskipta í árslok 2024.

13. Skammtímalán

Samkvæmt 95. gr. laga nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði er sérhæfðum sjóðum heimilt að taka lán til skamms tíma. Slík lán mega ekki nema meira en 25% af eignum sjóðsins. Engin lán eru til staðar í sjóðnum.

14. Upplýsingar um starfsemi sjóðanna

Arctica sjóðir hf. rekur samtals fjóra sjóði. Tvo sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og tvo sérhæfða sjóði fyrir fagfjárfesta.

15. Laun

Upplýsingar um laun er að finna í skýringu í A-hluta ársreiknings Arctica sjóða hf.